

Náttúruminjasafn Íslands (kt. 520707–0340), hér eftir nefnt „safnið“, og Hið íslenska náttúrufræðifélag (kt. 620169–7499), hér eftir nefnt „félagið“, gera með sér svofelldan samstarfssamning:

1. gr.

Safnið ræður til sín starfsmann sem gegnir starfi ritstjóra tímaritsins *Náttúrufræðingsins* sem gefinn er út í nafni safnsins og félagsins (frá og með 1. tölublaði, 84. árgangi).

Um er að ræða 80% starfshlutfall. Nánari lýsing á starfinu kemur fram í starfslýsingu ritstjórans sem safnið og félagið koma sér saman um. Þar skal m.a. koma fram að hver árgangur *Náttúrufræðingsins* skal vera minnst 160 blaðsíður og koma út í fjórum tölublöðum á viðkomandi almanaksári. Í samræmi við ritstjórnarstefnu félagsins skal auk prentútgáfu birta stafræna útgáfu af efni *Náttúrufræðingsins*, auk viðbótarefnis, á vefsíðu tímaritsins, sem ritstjórinn sér um. Stjórn félagsins skipar ritstjórn sem samanstendur af fjölbreyttum hópi sjálfboðaliða, 6–8 manns, þar af skal einn vera fulltrúi stjórnar félagsins og einn fulltrúi tilnefndur af safninu.

2. gr.

Safnið sér um launauppgjör og launagreiðslur til ritstjórans. Á móti greiðir félagið safninu upphæð sem nemur 50% af launum og launatengdum gjöldum ritstjórans. Kjör ritstjórans taka mið af ákvæðum í gildandi stofnanasamningi safnsins við viðkomandi stéttarfélag.

Þá greiðir hvor aðili um sig helming af kostnaði sem fellur til vegna umbrots, prófarkalesturs, prentunar og dreifingar á *Náttúrufræðingnum*.

3. gr.

Skrifstofa ritstjórans og afgreiðsla tímaritsins verða til staðar í húsakynnum safnsins. Safnið býður félaginu jafnframt fundaraðstöðu fyrir ritstjórn og stjórn félagsins í húsakynnum sínum.

Safnið veitir félaginu framangreinda aðstöðu, sem m.a. felur í sér aðgang að nauðsynlegum tölvu- og skrifstofubúnaði, endurgjaldslaust.

4. gr.


Samningur þessi tekur gildi frá og með 1. janúar 2022 og er ótímabundinn. Hvorum aðila er heimilt að óska eftir endurskoðun hans fyrir hver áramót.

Við samningslok flyst útgáfa *Náttúrufræðingsins* að fullu til félagsins.


Rísi mál út af samningi þessum skal vísa til gerðardóms er skipaður sé fulltrúum aðila og oddamanni skipuðum af Lagastofnun Háskóla Íslands, sbr. lög nr. 53/1989. Úrskurður gerðardóms er endanlegur.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu handa hvorum aðila og telst hvort um sig fullgilt frumrit samningsins.

Reykjavík, 16. desember 2021.



Ester Rut Unnsteinsdóttir
formaður Hins íslenska náttúrufræðifélags



Hilmar J. Malmquist
forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands